



## Áfangalýsing ML

<b>Titill:</b>	Heimspeki og félagsfræði
<b>Námsgrein:</b>	Heimspeki og félagsfræði
<b>Viðfangsefni:</b>	Heimspeki og félagsfræði
<b>Skammstöfun:</b>	HEIF2AA05
<b>Þrep:</b>	2
<b>Einingafjöldi:</b>	5
<b>Lýsing:</b>	<p>Í heimspekinni þjálfast hugsun og samskipti. Gagnrýnin hugsun og víðsýni. Markmiðið er að nemendur verði meðvitaðir um eðli og gildi heimspekinnar og hvernig má beita henni í ólíku samhengi. Komi auga á heimspekilegar áherslur og álitamál í raunveruleikanum og menningunni, t.d. kvikmyndum. Það er oft fróðlegt að kynna sér hugmyndir þekkttra spekinga, en jafnframt mikilsvert að nemendur geti sjálfir myndað sér rökstuddar skoðanir og rætt málefni og heimspekileg álitaefni á upplýstan hátt. Nemendur bæði læra um heimspeki og æfa sig í að ástunda sjálf heimspeki, m.a. með samræðu, í minni og stærri hópum. Kennslubókin fer um vítt svið en það er að nokkru leiti undir nemendum og kennara komið hvar verður staldrað við. Ásamt heimspekinni verður farið í að rannsaka hvað félagsfræðin hefur upp á að bjóða.</p> <p>Það má segja að ekkert mannlegt sé félagsfræðinni óviðkomandi. Félagfræðin veltir fyrir sér samfélaginu og er stöðugt á hreyfingu og aldrei í sögunni á meiri hraða en nú um stundir. Sem dæmi má taka þær breytingar sem orðið hafa á félagsháttum með tilkomu samfélagsmiðla en þeim má líkja við byltingu. Umhverfismálin eru knýjandi og neyða okkur til nýrra lausna á mörgum verkefnum, stórum og smáum.</p>
<b>Forkröfur:</b>	Engar
<b>Þekkingarviðmið:</b>	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Átta sig á sérstöðu fræðigreinarinnar heimspeki meðal vísinda.</li><li>• Átta sig á grunngreinum heimspekinnar: þekkingarfræði, siðfræði og rökfræði.</li><li>• Læra heimspeki sögu, átta sig á sögu hugsunnar.</li><li>• Þekkja hugtök, kenningar og fræðimenn heimspekinnar.</li><li>• viðfangsefnum og hugtökum félagsfræðinnar</li><li>• þeim félagslegu stofnunum sem hafa áhrif á líf hans til dæmis, fjölskyldunni, trúarbrögðum, efnahagskerfinu og vísindum</li><li>• gagnvirkni samfélags og einstaklings</li><li>• hvernig lagskipting, kynhlutverk og fjölmiðlar móta hegðun fólks</li></ul>



<b>Leikniviðmið:</b>	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Að greina heimspekileg vandamál</li><li>• Geta átt uppbyggilegar og innihaldsríkar samræður um heimspekileg málefni.</li><li>• afla sér traustra upplýsinga um félagsfræðileg efni</li><li>• beita helstu grundvallarhugtökum félagsfræðinnar í umfjöllun um félagsfræðileg málefni á skilmerkilegan hátt</li></ul>
<b>Hæfniviðmið:</b>	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Verða fær í að taka gagnrýni á uppbyggilegan máta</li><li>• Eiga góðar samræður</li><li>• beita félagsfræðilegum hugsunarhætti með algengustu hugtökum félagsvísinda</li><li>• tengja félagsfræðina við daglegt líf og sjá notagildi hennar</li><li>• leggja mat á eigin fordóma gagnvart öðrum hópum og greina ástæður þeirra</li><li>• geta sett sig í spor annarra.</li><li>• tileinka sér víðsýni, jafnréttissjónarmið og umburðarlyndi</li><li>• geta tekið þátt í umræðum um samfélagsleg málefni og myndað sér skoðanir sem byggjast á gagnrýninni hugsun</li><li>• tjá sig skipulega og gagnrýnið um samfélagsleg álitamál</li><li>• beita öguðum vinnubrögðum, taka ábyrgð á eigin námi og vinna í samvinnu við aðra</li><li>• hagnýta Netið til að afla sér þekkingar um félagsfræðileg viðfangsefni</li></ul>
<b>Námsmat</b>	Útfært í kennsluáætlun.